

# Aðalskipulag Súðavíkurbrepps

Drög að skipulagstillögu

**Atvinna**

11. maí 2018

# Atvinna - yfirlit

- Landbúnaður
- Ferðapjónusta
- Sjávarútvegur
- Iðnaður




# Landbúnaður



# Flokkun lands

- Graslandi/vel gróið land
- Góð tengsl við innviði - aðgengilegt
- Ekki brattlendi
- Skógrækt
- Náttúrulegir birkiskógar
- Endurheimt votlendis



# Landbúnaður


## Markmið

- Gott landbúnaðarland verði nýtt til landbúnaðar.
- Styðja við þann landbúnað sem er til staðar og tryggja möguleika til uppbyggingar.
- Stefnt verði að sjálfbærum búskap sem miðar að arðbærri framleiðslu sem tekur bæði tillit til umhverfis og dýravelferðar.
- Efla tengsl landbúnaðar og ferðaþjónustu.
- Tryggja hefðbundna hlunnindanýtingu.



# Landbúnaður

- Allt að 3 frístundahús á hverri jörð
- Skógrækt
- Heimilt að virkja bæjarlækinn



# Ferðapjónusta




# Ferðapjónusta

- Tækifæri

- Mikill vöxtur í ferðapjónustu
- Gamla byggðin
- Sjóstangveiði
- Gönguleiðir
- Ferðamannastaðir í Djúpi
- Melrakkasetur og Raggagarður
- Heita vatnið – fjall og fjara

- Áskoranir

- Áhrif á náttúru og samfélag
- Innviðir
- Dreifing ferðamanna
- Innviðir og þjónusta frá hinu opinbera verður að styðja við og vera í samræmi við þróun í ferðapjónustu.





# Ferðapjónusta






- Markmið
  - Í Súðavíkurbænum þróast sjálfbær ferðapjónusta, þ.e. ferðapjónusta sem hámarkar ávinning íbúa svæðisins og upplifun ferðamanna, en gengur ekki á náttúruleg eða menningarsöguleg gæði svæðisins.
  - Súðavíkurbænum byggir upp og stuðli að uppbyggingu áfangastaða fyrir ferðamenn í sátt við ferðapjónustu, íbúa og náttúruna.
  - Verðmætar náttúru- og menningarminjar verði hverfisverndaðar.



# Ferðapjónusta í dreifbýli

	Áningarstaður / útsýnisstaður	Göngusvæði	Minni þjónusta	Gisting, veitingar o.s.frv.
Heydalur				X
Reykjanes				X
Ögur				X
Litlibær			X	
Skálavík				X
Folafótur		X		
Seljaland		X		
Vatnsfjörður	X			
Vigur			x	
Hvítanes	X			
Valagil		x		

# Ferðapjónusta í dreifbýli



# Sjávarúrvegur



# Sjávarútvegur

- Markmið
  - Í sveitarfélaginu verði öflugur sjávarútvegur
  - Tryggja rými fyrir frekari þróun í sjávarútvegi, vinnslu og rannsóknum þeim tengdum
  - Innviðir þjóni og styðji við sjávarútveg þannig að hann sé samkeppnishæfur við aðra landshluta.
  - Styðja við rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi.
  - Sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi.
  - Sjá einnig kafla um hafnarsvæði og kafla um haf og strönd.



# Fiskeldi

- Markmið
  - Í Ísafjarðardjúpi verði fiskeldi sem skili efnahagslegum ávinningi til íbúa Súðavíkurhrepps og annarra íbúa við Djúpið.
  - Súðavíkurhreppur bjóði góða aðstöðu fyrir fiskeldi og tengda þjónustu á núverandi hafnarsvæði og iðnaðarsvæði í Súðavík.
  - Sjálfbær þróun og vistkerfisnálgun verði höfð að leiðarljósi í ákvörðunum um fiskeldi.
  - Þróun eldis verði í takt við getu samfélagsins og náttúrunnar til að geta talist sjálfbært.
  - Lokið verði við gerð strandsvæðaskipulags þegar lög þar um taka gildi.
  - Sjá einnig kafla um hafnarsvæði og kafla um haf og strönd.

# Iðnaður - Kalkþörungaverksmiðja



# Kalkþörungaverksmiðja

- Gert er ráð fyrir kalkþörungaverksmiðju í aðalskipulaginu, á landfyllingu innan við Langeyri.
- Metnir voru tveir valkostir í aðalskipulagsvinnunni.
  - Á fyllingu við innanverða Langeyri (kynnt í frummatsskýrslu)
  - Á fyllingu á milli Hlíðar og Langeyrar
- Ákvörðun liggur ekki fyrir
  - Verið er að dýptarmæla svæðið
  - Einnig er verið að skoða hversu stór hluti svæðisins getur verið á landi utan fyllingar





# Kalkpörungaverksmiðja

- Frummatsskýrsla Kalkpörungafélagsins var kynnt í október 2017. Þar er fjallað um umhverfisáhrif. Á eftir að ljúka mati á umhverfisáhrifum.
- Súðavíkurreppur lét gera sérstakt mat á hagrænum áhrifum (næsta blaðsíða).
- Gera þarf deiliskipulag fyrir verksmiðjuna (framkvæmdaaðili).

## Áhrif

Önnur nýting og starfsemi - Pláss – Hávaði - Fok  
Ásýnd – Vinnumarkaður – Staðsetning - Lífríki



# Kalkþörungaverksmiðja

- Kostir og gallar þess að staðsetja verksmiðjuna á fyllingu á milli Langeyrar og Hlíðar
  - Minna fok og minni hávaði í þéttbýlinu og á Langeyri
  - Frekari þróunarmöguleikar á Langeyri og ofan núverandi vegar
  - Minni áhrif á fornminjar
  - Neikvæð áhrif á jörðina Hlíð
  - Minni áhrif á áframhaldandi vöxt íbúðarbyggðar til suðurs.



# Kalkþörungaverksmiðja

- Hagræn áhrif - samantekt (KPMG, 4. október 2017)

Samantekt	
Reynslutölur af rekstri kalkþörungaverksmiðju	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Velta á síðasta ári nam alls 6,1 m.EUR hjá Íslenska kalkþörungafélaginu ehf. og jókst um 200 þús.EUR frá árinu áður. Ef tekið er tillit til ársreikninga þessara ára og þær stærðir uppreiknaðar m.v. framleiðslu á 120 þús. tonnum þá er má áætla veltu sem nemur um 14,4 m.EUR á ári.</li> </ul>
Mat á fjölda beinna og óbeinna starfa og þróun íbúafjölda	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fjöldi beinna nýrra starfa nær hámarki í um 30 manns sjö árum eftir að útflutningur hefst.</li> <li>• Fjöldi óbeinna starfa sem verða til á svæðinu verði um 12 á sama tíma.</li> <li>• Íbúar með afkomu vegna kalkþörungaverksmiðju verði um 90 á sama tíma.</li> </ul>
Mat á beinum sköttum og öðrum tekjum	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Árlegar greiðslur til ríkissjóðs geta numið um 65 m.kr. og um 89 m.kr. til sveitarfélaga þegar útflutningur er í hámarki og flest bein störf verða til.</li> <li>• Árlegar greiðslur til lífeyrissjóða nema um 36 m.kr. þegar útflutningur er í hámarki og flest bein störf verða til.</li> </ul>
Skattar og opinber gjöld sem renna til atvinnusvæðisins	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Árlegar greiðslur til sveitarfélaga á atvinnusvæðinu geta numið um 89 m.kr. þegar útflutningur er í hámarki og flest bein störf verða til.</li> <li>• Árlegar greiðslur til Súðavíkurbrepps vegna hafnargjalda og annarra gjalda geta numið um 56 m.kr. þegar útflutningur er í hámarki og flest bein störf verða til.</li> </ul>

# Kalkþörungaverksmiðja

- Frummatsskýrsla framkvæmdaraðila
  - Niðurstaða matsins er sú að teknu tilliti til mótvægisaðgerða verði vatnsgæði sjávar, auðlindin kalkþörungaset, fornleifar og landbrot fyrir óverulegum neikvæðum áhrifum. Lífríki botns er líklegt til að verða fyrir staðbundnum en afturkræfum neikvæðum áhrifum og samfélag verður fyrir talsverðum jákvæðum áhrifum vegna atvinnusköpunar. Það er mat framkvæmdaraðila að fyrirhuguð efnistaka komi ekki til með að valda umtalsverðum áhrifum á umhverfið í skilningi laga nr. 106/2000.



# Kalkþörungaverksmiðja

- Úr frummatsskýrslu framkvæmdaaðila



# Kalkþörungaverksmiðja

- Úr frummatsskýrslu framkvæmdaaðila



Mynd 4.6

Tölvugerð mynd af mögulegu útliti bryggjukants og verksmiðjuhúsnæði (Jón Páll Hreinsson, 2015).

# Kalkþörungaverksmiðja

- Úr frummatsskýrslu framkvæmdaaðila

Tafla 4.3 Áætlaðar kennistærðir framkvæmdar tengdum verksmiðju.

Verkþáttur	Stærð
Landfylling	275.000 m <sup>3</sup>
Lóð	20-25.000 m <sup>2</sup>
Verksmiðjuhús	3.500 m <sup>2</sup>
Ölduvörn	13.000 m <sup>3</sup>
Viðlegukantur	90 m
Dýpi	10 m
Efnisflutningaskip	80-100 m 3-4.000 t burðargeta

Heimildir: (Jón Páll Hreinsson, Kalkþörungaverksmiðja í Súðavík, 2015) og (Árni Traustason, 2016)


# Iðnaður – virkjanir og orkustefna





# Áhugi orkufyrirtækja á að virkja vatnsafl í Djúpinu og á Glámuhálendinu

- Hest- og Skötufjarðarvirkjun
- Hvanneyrardalsvirkjun
- Glámuvirkjun
- Stækkun Mjólkárvekkunar



# Virkjanir og orkustefna

- Orkustefna fyrir Súðavíkurbhrepp í aðalskipulaginu
- Afhendingaröryggi raforku í hreppnum verði jafn gott og í öðrum landshlutum
- Nægt framboð raforku
- Áhersla á endurnýjanlega orkugjafa
- Stefn skal að aukinni raforkuframleiðslu í hreppnum með það að markmiði að auka framboð og bæta afhendingaröryggi þannig að efla megi lífsgæði og auka samkeppnishæfni svæðisins.
- Ákvarðanir um virkjanir og orkunýtingu skulu samrýmast markmiðum aðalskipulagsins um verndun náttúru.
- Meta skal kosti og galla mismunandi virkjanakosta á skipulagstímabilinu, m.a. í Ísafjarðardjúpi. Horfa skal til áhrifa á umhverfi og samfélag.

# Smærri virkjanir



- Aðalskipulagið gerir ráð fyrir að heimilt verði að virkja bæjarlækinn
  - 200 kw án uppistöðulóns
  - 30 kw með litlu uppistöðulóni




# Önnur iðnaðarsvæði




# Garðsstaðir

- Gert ráð fyrir iðnaðarsvæði (áframhaldandi starfsemi)
- Ákvæði um umfang skilgreint.
- Deiliskipulag verði gert og starfsleyfi krafist.



# Iðnaðarsvæði á Langeyri

- Iðnaðarsvæði á Langeyri
- Verðmætt og viðkvæmt svæði
  - Saga
  - Útivist
  - Kalkþörungaverksmiðja innar





**Heilindi**  
**Metnaður**  
**Frumkvæði**